

## Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um greiðslur vegna tjóna er urðu í jarðskjálftunum á Suðurlandi í sumar.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Í hve mörgum tilvikum varð altjón á húseignum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní sl.?
2. Hverjar eru ákvarðaðar bótafjárhæðir viðlagatryggingar vegna
  - a. íbúðarhúsnæðis,
  - b. útihúsa,
  - c. annarra eigna,sundurliðað eftir eignum og borið saman við brunabótamat og endurstofnverð viðkomandi eigna samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins?

Skriflegt svar óskast.